

Mál nr. 163/2015
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R

Bifreið varð fyrir skemmdum þegar henni var ekið í vatnspoll þ. 13.3.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.28.4.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 7.5.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-4.

Málsatvik.

Bifreið M var ekið eftir Rafstöðvarvegi undir brúna á Miklubraut milli kl. 16 og 17. M segir að undir brúnni hafi verið mikið vatn á veginum og hafi hann ekið í vatnspoll og engin merki hafi verið um að gatan væri ófær. M gat ekið áfram en segir að bíllinn hafi ekki unnið eðlilega og því farið síðar með hann á bifreiðaverkstæði. M telur að tjón hafi orðið á aflvél bifreiðarinnar eftir að vatn komst inn um loftinntak hennar. M krefst bóta fyrir það tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna þess að akstursleiðin var í ófullnægjandi ástandi. V hafnar bótaskyldu og segir að starfsfólk R hafi ekki vitað um vatnspollinn fyrr en þeim var tilkynnt um hann þ.13.3.2015 kl. 16.56 og stíflan sem olli þessu losuð, en ekki liggur nákvæmlega fyrir hvenær það var gert síðari hluta þessa sama föstudags. V telur ósannað að starfsmenn R hafi sýnt af sér gáleysi eða vanrækslu við veghaldið og því ekki um bótaskyldu að ræða.

Álit.

Samkvæmt upplýsingum M þá ók hann bifreiðinni eftir Rafstöðvarvegi undir brúna við Miklubraut milli kl. 16-17 föstudaginn 13. mars 2015. Eftir því sem fram kemur í upplýsingum frá V þá fengu starfsmenn R ekki vitneskju um vatnspollinn á þessum stað fyrr en kl. 16.56 og því ekki unnt fyrir þá að bregðast við til að afstýra tjóni M í tæka tíð. Tjón M verður því ekki rakið til gáleysis veghaldara sbr. ákvæði í 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 9.6. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.